

7. gr.

Reikningur sjóðsins skal gerður árlega og þess getið þar hve mörgum var gefið og tilfærð heildarverðupphæð, svo og vextir af sjóðnum, gjafir og aðrar tekjur ef einhverjar eru. Endurskoðun sjóðsins og reikninga hans fylgist með endurskoðun reikninga elliheimilisins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

- A—1 Kr. 40.74 hver kwst. til lýsingar.
 A—2 Kr. 11.56 hver kwst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 5 892.00 á ári fyrir 25 m² gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 175.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m².

Þennan gjaldskrárlíð má nota í verslunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kw. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw. sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

- B—1 Um tvo kwst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 40.74 hver kwst. til ljósa og kr. 9.33 hver kwst. til suðu og hitunar.
 B—2 Kr. 7.71 hver kwst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 62.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi og eldhús, ennfremur ganga, baðherbergi, geymslur og bíl-skúra.
 B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 7.70 hver kwst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

C. Vélanotkun.

- C—1 Kr. 19.66 hver kwst. til iðnaðar.
 C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 6 491.00 hvert kw. upp að 50 kw. og kr. 3.33 hver kwst. fyrir fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun.
 C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 5 767.00 hvert kw. sem er fram yfir 50 kw. og kr. 3.14 hver kwst. sem er umfram 200 000 kwst.
 C—4 Kr. 11.53 hver kwst., ef um meira en 30 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.
 C—5 Kr. 12.12 hver kwst., fyrir búrekstur.
 C—6 Sértaxti Gefjunar, kr. 1.48/1.34 hver kwst. og kr. 12 284.00 hvert kw.
 C—7 Sérsamningur, íðunn, gufuketill, verðið er háð svartolíuverði.

D. Hitun.

- D—1 Kr. 2.42 hver kwst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en ½ klst. í senn.
- D—2 Kr. 3.27 hver kwst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
- D—3 Kr. 1.90 hver kwst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
- D—4 Kr. 1.41 hver kwst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
- D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.43 hver kwst. á tímabilinu 1. okt til 30. apríl.
- D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.25 hver kwst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.
- D—7 Sértaxti til upphitunar kr. 1.93 hver kwst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmögu-leiki sé fyrir hendi.

E. Hitun í iðnaði.

- E—1 Kr. 5.26 hver kwst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kwst. á ári.
- E—2 Kr. 6.83 hver kwst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
- E—3 Kr. 3.33 hver kwst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
- E—4 Kr. 3.97 hver kwst. til súgþurrkunar.
- F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 3.62 hver kwst. til iðnaðar.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

Önnur notkun.

- Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 Amp. kr.	30—50 Amp. kr.	50—100 Amp. kr.	100—500 Amp. kr.	Yfir 500 Amp. kr.
1-fasa kwst.-mælar	595.00	734.00	798.00		
3-fasa kwst.-mælar	977.00	1 547.00	1 994.00	3 321.00	7 304.00
Tvígj.- og mestastr. mælar		1 994.00	3 321.00	5 348.00	10 708.00
Skíptirofar/skiptiklukkur .		2 465.00			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar, og skal það greitt við umsókn, eða samtímis og greiðsla annarra byggingargjalda fer fram.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun	Stofngjald		Lengdargjald		Umframgjald
	Jarðstr. kr.	Loftlína kr.	Jarðstr. kr/m.	Loftlína kr/stólpi	Loftlína kr/stólpi
25 A 1-fasa	—	6 600.00	—	Innif.	12 000.00
25 A 3-fasa	—	9 700.00	—	—	17 000.00
63 A 1-fasa	48 400.00	9 700.00	Innif.	—	17 000.00
63 A 3-fasa	52 800.00	11 200.00	—	—	18 700.00
110 A 3-fasa	66 000.00	13 300.00	—	—	23 000.00
200 A 3-fasa	37 500.00	—	2 750.00	—	—
315 A 3-fasa	114 000.00	—	3 750.00	—	—
300 KVA 3-fasa	303 000.00	—	Skv. kostn.	—	—
500 KVA 3-fasa	484 000.00	—	—	—	—
800 KVA 3-fasa	787 000.00	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugagjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarskassa eða stofntengikassa í hitaveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðamarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 600.00.

Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 600.00 og sett viðeigandi vör.

Söluskattur og verðjöfnunargjald, svo og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalín í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 71 17. febrúar 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 7. apríl 1976.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.

- | | | |
|--|-----|-------------------------------|
| 11. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| Orkugjald | kr. | 42.00 á kWst. |
| 12. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| Orkugjald | — | 12.50 á kWst. |
| Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja: | | |
| Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. | — | 210.00 á m ² á ári |
| Geymslur og gangar þeim tilheyrandi | — | 78.00 á m ² á ári |
| 13. Til götulýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| Orkugjald | — | 12.50 á kWst. |
| 14. Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| Orkugjald | — | 21.00 á kWst. |

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

- | | | |
|---|---|--------------|
| 21. Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli: | | |
| Orkugjald | — | 9.50 á kWst. |
| Fastagjald af hverju herbergi | — | 840.00 á ári |
| Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m ² eða minna reiknast hálf en 25 m ² eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m ² má reikna með þeirri meðalstærð. | | |
| 22. Til matargerðar í gisti- og veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum, ennfremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| Orkugjald | — | 9.50 á kWst. |